



## Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026

511. mál, þingsályktunartillaga

154. löggjafarþing 2023–2024.

### Umsögn frá Rithöfundasambandi Íslands

Rithöfundasamband Íslands fagnar frumvarpi um aðgerðaráætlun um íslenska tungu, telur það brýnt og tekur undir allt sem þar er að finna. Við viljum þó nota tækifærið og benda á atriði sem mættu vega þyngra í frumvarpinu:

#### Liður 8:

Við tökum undir mikilvægi listsköpunar og menningar en við teljum rétt að draga sérstaklega fram bókmenntir og skrif þegar fjallað er um listir og menningu í samhengi við íslenskuna. Íslenskar bókmenntir byggja í langflestum tilfellum á íslenskrari tungu. Við teljum skrif á íslensku, hvort heldur sem er ritun bóka, handrita að leikverkum, sjónvarpsþáttum eða kvikmyndum eða annarra verka, eina af frumforsendum þess að íslenskt mál lifi áfram á tímum alþjóðavæðingar. Einnig þarf að stórefla þýðingar á vönduðum verkum. Til þess að svo geti orðið áfram þarf fólk að geta lifað af því að skapa og skrifa á íslensku fyrir þann örmarkað sem hér er. Það gerist ekki án opinbers stuðnings við hinar skrifandi stéttir og mikilvægt að aðgerðaráætlunin taki á því.

#### Liður 11:

Við fögnum því að skoða eigi hvort grunn- og framhaldsskólar uppfylli það lögbundna hlutverk sitt að reka skólabókasöfn enda hafa höfundar sem heimsækja skóla um land allt löngum bent á að gríðarlegur munur er á skólasöfnum á milli skólastofnanna og í því fellst bein mismunun því góð skólasöfn, með ríkulegan bókakost þar sem fagfólk leiðir börn og ungt fólk inn í heim bókmenntanna er oft á tíðum eini snertiflötur barna og unglínga við bækur, yndislestur og bókmenningu. Eins og ástandið er núna hafa börn ákaflega ójöfn tækifæri til þess að kynnst bókmenntum og lesmenningu í gegnum skólana sína. Við viljum líka benda á að brýnt er að skylda leikskóla til þess að hlúa vel að bókakostinum þar. Það er ekki síst nauðsynlegt þar sem, ríflega fjórða hvert barn á leikskóla á Íslandi er með erlendan bakgrunn (sjá nánar: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-06-28-fjorda-hvert-leikskolabarn-med-erlendan-bakgrunn-386524>). Þá er einnig algengt að starfsfólk leikskóla sé af erlendum uppruna og hafi ekki endilega gott vald á íslensku. Því skiptir miklu máli að starfsfólk leikskóla geti lesið vandaðar og fjölbreyttar bækur á íslensku fyrir nemendur sína. Það er ekki sjálfgefið að börnin hafi aðgang að bókum á íslensku á heimilum sínum eða einhvern þar sem getur lesið á íslensku.

Auk þess viljum við benda á þann misbrest sem er á dreifingu bóka á Íslandi. Hér á landi styrkir hið opinbera höfunda til að skrifa bækur og útgefendur til að gefa þær út en svo er mikill misbrestur þegar kemur að dreifingunni. Engar bókabúðir sem ná máli er að finna á austurhluta landsins, allt frá Akureyri og suður á Selfoss. Bækur fást í matvörubúðum fyrir jól en annars ekki nema í mýflugumynd eða í netverslunum. Íslenskrari tungu stafar augljós hættu af bókaskorti í dreifðari byggðum landsins.